

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við athöfn til  
heiðurs Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, fyrsta formanni stjórnar  
Námsbrautar í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands, fyrrverandi  
skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og  
stofnanda Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur**

Haldið á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, fimmtudaginn 28.

September 2017 kl. 15.00-16.20

Kæri heiðursgestur, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að mega fyrir hönd Háskóla Íslands segja fáein orð hér í upphafi þessarar athafnar sem haldin er til heiðurs Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, auk þess sem úthlutað verður hér á eftir úr rannsóknasjóði þeim sem stofnaður var af Ingibjörgu og kenndur er við hana.

Á þessari stundu er mér efst í huga þakklæti – þakklæti fyrir ómetanlegt framlag Ingibjargar til þróunar hjúkrunar- og ljósmóðurmenntunar á Íslandi og þann velvilja sem hún hefur sýnt Háskóla Íslands alla tíð. Tryggð hennar í garð skólans og hjúkrunar- og ljósmóðurfræðanna er einstök.

Það væri freistandi að rekja hér viðburðaríkan og merkan starfsferil Ingibjargar, en hún hefur sannarlega verið frumkvöðull á ótalmörgum sviðum, m.a. með því að taka þátt í stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands sem síðar varð að Hjúkrunarfræðideild. Tímans vegna verð ég þó að láta þetta ógert, enda þykist ég vita að aðrir sem taka til máls hér á eftir munu gera ævi og störfum Ingibjargar verðug skil.

Það hefur verið gæfa Háskóla Íslands að hann hefur allt frá stofnun árið 1911 átt marga og trausta hollvini og notið velvilja einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja sem hafa stutt skólann og fært honum margvíslegar gjafir af miklum rausnarskap. Sumar þessara gjafa eru efnislegar, t.d. bækur, listaverk og fasteignir. Í öðrum tilvikum hefur verið um að ræða peningagjafir sem hafa nýst Háskóla Íslands með margvíslegum hætti og m.a. orðið undirstaða styrktar- eða rannsóknasjóða Háskólans.

Einn þessara velgjörðamanna Háskóla Íslands er Ingibjörg R. Magnúsdóttir. Árið 2007 lét hún af hendi rakna umtalsverða peningagjöf til Háskóla Íslands og var þá stofnaður styrktarsjóður í nafni hennar. Á næstu árum á eftir fylgdi Ingibjörg stofngjöfinni eftir með frekari framlögum. Fyrir það vil ég fyrir hönd Háskóla Íslands þakka sérstaklega.

Aðrir velunnarar hjúkrunar- og ljósmóðurfræða hafa fylgt fordæmi Ingibjargar og hafa einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki, þar á meðal afmælisárgangar brautskráðra hjúkrunarfræðinga, styrkt sjóðinn. Auk framlaga Ingibjargar sjálfrar hefur þessi samtakamáttur skapað öflugan styrktarsjóð sem munar verulega um.

Nú eru tæplega 60 styrktarsjóðir starfræktir við Háskóla Íslands og er Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur meðal þeirra virkari. Í dag verður úthlutað úr sjóðnum í 10. sinn og með því hefur sjóðurinn samtals veitt 21 rannsóknastyrk til doktorsnema í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkirnir eru viðurkenning á fræðastarfi styrkþega og jafnframt hvatning til frekari dáða.

Góðir gestir. Að lokum vil ég endurtaka þakklæti mitt til Ingibjargar R. Magnúsdóttur og til Hjúkrunarfræðideildar fyrir að taka þátt í athöfninni. Ég hlakka til að hlýða á dagskrána sem nú fer í hönd.